

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 291/1995, um veiðikort og hæfnispróf
veiðimanna.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Þeir sem hafa skotvopnaleyfi eða eru handhafar veiðiréttar eða hlunninda skv. 18. gr. laga nr. 64/1994, eiga rétt á veiðikorti skv. 4. gr. án þess að taka veiðipróf sækji þeir um slíkt fyrir 1. maí 1996. Að öðrum kosti gilda um þá ákvæði 9. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfisstjórnuneytinu, 16. apríl 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.